

AUGLÝSING

um verndarsvæði í byggð.

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Suðurnesjabæjar að Útgarður í Garði verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Verndarsvæðið er tæplega 60 ha að stærð og er nyrst í sveitarfélaginu. Í norðri eru vitarnir við úthaf sem umlykur svæðið til austurs. Meginleiðin til norðurs, aðalgatan Skagabraut, er til vesturs og höfuðbýlið og kirkjan að Útskálum markar svæðið í suðri.

Skilmálar sem um vernd og uppbyggingu svæðisins gilda eru birtir á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is, ásamt ítarefni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 25. júní 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Páll Magnússon.

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2021